


Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. október 2011
Tilvísun: UST20111000134/bs

Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. október sl. þar sem óskað er á líts Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða árlega viðhaldsdýpkun allt að 300.000 m³ meðan ekki hefur verið keypt ferja sem ristir grynnra en Herjólfur.

Hér er um framkvæmd að ræða sem er sambærileg þeirri sem Skipulagsstofnun ákvarðaði að skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum, dags. 24. nóvember 2010. Siglingastofnun gerir nú ráð fyrir að varpa tvöfalt meira efni í hafið vegna dýpkunar Landeyjahafnar en ráð var fyrir gert við fyrirnefnda matskyldu fyrirspurn.

Efnið sem ráðgert er að varpa í hafið á þremur svæðum er ómengardur sandur. Niðurstaða athuganna Þekkingarseturs Vestmannaeyja á botndýralífi á losunarstöðum er sú að botndýralíf sé mjög fábrotið enda eigi botndýr almennt erfitt uppdráttar þar sem mikil oldurót er, en mikill tilflutningur á botnseti og sterkir straumar einkenna losunarsvæðin. Þessi svæði einkenndust af lítilli tegundafjölbreytni og fáum einstaklingum.

Að teknu tilliti til eðlis dýpkunarefnis og aðstæðna á losunarsvæðum, telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virkjungarfyllst

Björn Stefánsson

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

